

ANDLEGT ÞJÓÐARRÁÐ BAHÁ'ÍA Á ÍSLANDI  
THE NATIONAL SPIRITUAL ASSEMBLY OF THE BAHÁ'ÍS OF ICELAND

Alþingi  
Erindi nr. Þ 133/1126  
komudagur 20.2.2007

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni:

Umsögn um frumvarp til laga  
um breytingu á lögum um mannanöfn,  
nr. 45/1996, með síðari breytingum.

18. febrúar 2007

Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi þakkar bréf yðar frá 7. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, með síðari breytingum en harnar jafnframt stuttan fyrirvara.

Andlega þjóðarráðið álitur það ekki hlutverk trúfélaga að hafa afskipti af nöfnum meðlima sinna. Lög um mannanöfn hljóta í eðli sínu að vera almenn og gilda jafnt um alla þegna landsins, í hvaða félagi sem þeir kjósa að finna trú sinni farveg eða hvort sem þeir aðhyllast trúarskoðanir yfirleitt. Eftirfylgni laganna ætti ekki heldur að tengjast trúmálum.

Þótt sá siður hafi viðgengist í sumum trúfélögum að tengja nafngjöf við skírnm sem í raun réttir er vígsla í trúfélag, ætti það ekki að verða þess valdandi að löggjafinn geri ekki greinarmun á þessum aðskildu atriðum.

Þá sér ráðið ekki kosti þess að leggja niður starfsnefnd fagfólks í því skyni að trúfélög og ráðherra fari ein með úrskurðarvald mannanafna.

Loks viljum við minna á að orðalagið *forstöðumenn* trúfélaga þyrfti með tímanum að víkja úr lagatextum fyrir víðara orðalagi eins og t.d. *forsvarsaðilar* trúfélaga, þar sem það samrýmist ekki stjórnarfrarslegri uppbyggingu bahá'í trúarinnar að hafa einstakling í forsvari, heldur fara andleg ráð með stjórn og ábyrgð innan trúfélagsins.

Fyrir hönd Andlegs þjóðarráðs  
bahá'ía á Íslandi



Ingibjörg Daniélsdóttir, ritari